

1. stjórnarfundur EBAK fimmtudaginn 30. mars kl. 10

1. fundur nýkjörinnar stjórnar

Mætt: Karl Erlendsson formaður, Karl Guðmundsson, Sigurður Harðarson, Elín Antonsdóttir, Valgerður Jónsdóttir, Þóra Hjaltadóttir, Friðrik Vagn Guðjónsson, Margrét Marvinsdóttir.

Fjarverandi: Margrét Alfreðsdóttir og Helgi Aðalsteinsson

1. Nýkjörinn formaður Karl Erlendsson setti fund

2. Framkvæmdaráð

- Í framkvæmdaráð voru skipuð ásamt formanni, Sigurður Harðarson varaformaður, Karl Guðmundsson gjaldkeri og Elín Antonsdóttir ritari.
- Sigurður óskaði bókunar þess efnis að hann muni hverfa úr stjórn á árinu.

3. Tillaga frá aðalfundi um greiðslur til stjórnar

- Rætt var um greiðslur til formanns og gjaldkera.
- Karl Guðmundsson lagði fram tillögu um að ráðinn yrði starfsmaður í 40-50 % starf.
- Fram kom að bærinn styrkir félagið um eina milljón til greiðslu launa.
- Ákeiðið var að vísa frekari útfærslu til framkvæmdaráðs en formaður sjái um nánari framkvæmd til að byrja með.

4. Húsnæðismál

- Rætt var um húsnæðismál og m.a. hvort hægt væri að gera breytingar á Bugðusíðu, hvernig þær gætu orðið og mikilvægi þess að fá allt húsnæðið til umráða.

5. Matarbakkar

- Í óefni hefur verið í framkvæmd á matarsendingum bæði inn í félagsmiðstöðvar og í heimahús. Fáir virðast hafa áhuga á að taka það að sér og þau tilboð sem hafa borist eru mjög há. Talsverðar umræður voru og fullur hugur í fólkí að koma þessum málum í viðunandi horf.

6. Önnur mál

- Samþykkt var að halda kveðjusamsæti með vorinu til heiðurs fráfarandi stjórnar- og nefndarfólki.

Næstu fundir ákveðnir 5. apríl kl. 1, framkvæmdaráð og 11. apríl kl. 16, stjórnarfundur.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 11:20.

Fundargerð ritaði Elín S. Antonsdóttir

The image shows seven handwritten signatures in blue ink, arranged in two rows. The top row contains four signatures: Karl Erlendsson (top left), Helgi Aðalsteinsson (middle left), Sigurður Harðarson (middle right), and Elín Antonsdóttir (bottom right). The bottom row contains three signatures: Friðrik Vagn Guðjónsson (bottom left), Þóra Hjaltadóttir (middle left), and Margrét Marvinsdóttir (bottom right).